

Mótmæla niðurskurði á geð- deildum

„STJÓRN Geðhjálpar lýsir fullri ábyrgð á hendur stjórnvalda vegna þess ófremdarástands sem er að skapast á geðdeildum Landspítala – háskólasjúkrahúss. Skorar félagið á yfirvöld að tryggja að ekki verði dregið úr þjónustunni frá því sem var síðastliðinn vetur og að fundin verði leið til að manna nauðsynlegar stöður á deildunum. Miðað við fjölda plássá á geðdeildum sem var fyrir sumarlokanir 15. maí sl. er ljóst að verulegur samdráttur á sér stað. Lokun geðeildar á Landspítalanum í Fossvogi og samdráttur í starfsemi á Kleppspítala er aðgerð sem Geðhjálp mótmælir harðlega. Þrátt fyrir að rúmum verði í staðinn komið fyrir á geðdeildunum við Hringbraut verður ekki annað séð en að verið sé að skerða enn frekar bráðamóttöku sem ekki hefur gengið sem skyldi í sumar. Stjórn Geðhjálpar hvetur yfirvöld til að leita allra leiða svo að til bóðarar skerðingar á þjónustu komi ekki,“ segir m.a. í fréttatilkynningu frá Geðhjálp.